

RNSA



Rannsóknarnefnd samgönguslysa

Málnr.: 2023-025-S-013 Grímsnes GK 555

Dags: 25. apríl 2023

Staður: Njarðvíkurhöfn

Lýsing: Eldsvoði, einn maður ferst og tveir slasast, annar alvarlega.

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguatvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Nr. 2023-025 S 013 Grímsnes GK 555

Skipaskr.nr. 0089 IMO nr. 5427382
Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1963 stál
Stærð: 178,6 brl. 276,8 bt.
Mesta lengd: 36,05 m Skráð lengd: 32,83 m
Breidd: 6,72 m Dýpt: 5,72 m
Vél: Caterpillar 671 kW 1985
Fjöldi skipverja: 5



Gögn:

Lögregluskyrsla
Gögn RNSA

Grímsnes ©Hilmar Snorrason

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í dómsmáli.

Atvikalýsing:




Klukkan 02:08 hinn 25. apríl 2023 barst tilkynning um eld í Grímsnesi GK 555 sem lá bundið við bryggju í Njarðvíkurhöfn. Veður: logn eða lítill vindur og þurrt.

Sjö úr áhofn reyndust vera sofandi í skipinu. Voru allir fluttir á sjúkrahús og var einn þeirra úrskurðaður láttinn. Einn var með reykeitrun og var honum haldið sofandi í rúma tvo sólarhringa og dvaldi um nokkurn tíma á sjúkrahúsi en er á batavegi. Annar hlaut brunasár og var inniliggjandi á sjúkrahúsi í sólarhring.


Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Mikill eldur var í skipinu og varð það alelda á stuttum tíma eftir að þeir sem björguðust voru komnir upp á bryggju. Á svipuðum tíma komu fyrstu viðbragðsaðilar á vettvang.
- Fyrstu björgunaraðilar slökkviliðs voru komnir á staðinn kl. 02:28. Fóru reykkafarar um borð í skipið og fundu einn mann liggjandi meðvitundarlausán á efra þilfari þess.
- Reynt var að fara niður í skipið og leita að skipverja sem saknað var en eldur var þá orðinn það mikill að þeir þurftu frá að hverfa. Erfiðlega gekk að slökkva eldinn þar sem eldurinn var á millibilfari skipsins og aðgengi því skert. Hitaleiðni var mikil sem orsakaði það að eldur kvíknaði á nýjum stöðum meðan á slökkvistarfi stóð.
- Ekki var hægt að hefja rannsókn á upptökum brunans fyrr en 27. apríl 2023 af öryggisástæðum eða þar til vettvangur hafði kólnað það mikið að hann var talinn öruggur.
- Fjórir voru aftur í skipinu og þrír sváfu fram í skipinu.
- Tveir voru saman í klefa aftur í skipinu en hinir tveir í eins manns klefum og var gengið niður í alla klefana úr afturgangi skipsins sem lá frá matsal og stakkagangi stjórnborðsmegin yfir í bakborðsgang í gegn um rými sem í var niðurgangur í vélarrúm.
- Annar mannanna sem svaf í tveggja manna klefa vaknaði við hávaða og reyk. Hann vakti þann sem var með honum í klefa.
- Hann vakti síðan þá sem voru í eins manns klefunum. Þeir voru fljótir að vakna og fóru upp stigann út í ganginn í átt að matsalnum. Þegar þeir litu út í stakkaganginn stjórnborðsmegin sáu þeir mikinn eld og reyk.


- Þeir sáu líka að það var ófært að fara upp í stýrishús en þangað var ekki hægt að sjá fyrir reyk. Þeir fóru því til baka og í gegnum rýmið þar sem gengið er niður í vélarrúm og yfir í bakborðsganginn. Styra leiðin út þaðan er að fara aftur í skutrýmið og þaðan upp en þar sem þeir vissu af mönnum fram í skipinu þá ákváðu þeir að fara yfir millibilfarið. Reykur var upp við loft en þeir komust undir hann.
- Annar mannanna fór og opnaði hurðina fram á upp á efra þilfar en hinn vakti mennina sem sváfu fram í skipinu. Allir komust síðan upp á efra þilfar fram á skipinu og þaðan upp á bryggju.
Þegar mennirnir komu upp á efra þilfar sáu þeir hvar sá sem vaknaði fyrstur var að koma upp um mannopið stjórnborðsmegin aftur á. Þeir gátu síðar bent reykköfurum á staðinn þar sem skipverjinn lá.
- Sá sem vaknaði fyrstur ætlaði á eftir þeim tveimur sem voru á leið upp frá káetunum en áttaði sig þá á því að sá sem svaf með honum í klefa var ekki vaknaður, sneri hann þá við og vakti hann.
- Þegar þeir ætla upp stigann frá káetunum mætti þeim mikill reykur og eldur upp við loft. Þeir snuru við og gátu opnað neyðarlúgu sem er bakborðsmegin í aftasta klefanum og komist þar upp. Sjá mynd nr. 3.
- Neyðarlúgan er staðsett við hurðina úr bakborðsganginum og aftur í skutrými.
- Sá sem vaknaði fyrstur fór aftur í skutrýmið og yfir stýrisvélakassa sem var fremst í rýminu fyrir miðju og var þá kominn að stiga upp í gegn um mannop upp á efraþilfar.
- Hann hélt að klefafélaginn væri á eftir sér, en sá hann ekki en heyrði í honum þegar hann kallaði.
- Á þessum tíma var reykurinn orðinn svartur þannig að hann sá ekki til.
- Skipverjinn fór upp á efraþilfar til að ná andanum og fór aftur niður en náði ekki til mannsins sem var niðri.
- Hann komst aftur upp á efraþilfar þar sem hann lagðist niður til að vera undir reyknum og bankaði í dekkið til að reyna að leiðbeina manninum. Þar fundu reykkafarar hann meðvitundarlausán. Mynd 5.
- Eldsupptök reyndust vera í stakkageymslu og var talið að kvíknað hafi í út frá vettlingapurrrkara. Myndir 7, 8, 9 og 10.




Mynd 1. Sýnir leið þeirra sem sváfu fram í skipinu.




Mynd 2. Sýnir leið þeirra tveggja sem voru í einmenningsklefunum afturí. Eins og fyrr segir fóru þeir upp og út að útgangi í stakkageymslu, til baka út í bakborðsgang og fram eftir vinnsludekkinu. Annar opnaði hurðina upp á efra dekk en hinn vakti þá sem voru frammí og fór síðan upp á efradekk.



Efrabílfar



Aðalþilfar



Undir aðalþilfari

Mynd 3.

Sýnir þá leið sem sá sem vaknaði fyrstur fór, greint niður í liti. Hann vaknaði og vakti þann sem var með honum í klefa og síðan þá sem voru í eins manns klefunum og ætluðu upp stigann á eftir þeim. Hann áttaði sig á að klefafélaginn var ekki kominn og snéri við. Hann vakti klefafélagann og ætlaði upp aftur en varð frá að hverfa vegna elds. Hann gat opnað neyðarlúgu úr afturklefanum og upp í bakborðsganginn og þeir komast þar upp. Hann komst að uppgangi á efra þilfari eins og örvarnar sýna. Grænu örvarnar sýna leið hins látna upp um neyðarlúguna og út í skutrýmið



Mynd 4.

Skutrými séð frá frá mannopi upp á efraþilfar. Niðurleggjari fyrir miðju og stýrisvélakassi neðst til hægri



Mynd 5.

Mannop úr skutrými upp á bátaþilfar




Mynd 6.

Tekin við bakborðssíðu í átt að vélargangi. Niðurleggjari fyrir miðri mynd og stýrisvélarkassinn hægra megin fyrir miðju. Sá sem vaknaði fyrst og var með hinum látna komst út um dyrnar, yfir stýrisvélarkassan og að mannopí upp á efra þilfari. Hinn látni komst að niðurleggjaranum og fannst þar. Reykkafarar náðu ekki til hans þar sem skipið var þá orðið alelda.



Mynd 7.


Séð astur eftir stakkagangi í átt að hurð inn í skutrými. Vetlingaþurkari vinstra megin við miðja mynd. Talið er að kvíknað hafi í út frá honum.



Mynd 8.
Vetlingaþurkari og búnaður honum tengdur.



Mynd 9.



Mynd 10.

Mynd 9. Séð frá hurð út í skutrými stjórnborðsmegin og fram eftir stakkagangi.
Vettlingaþurrkari og þvottavél framar.

Mynd 10. Séð innan úr skutrými. Vettlingaþurrkari.



Mynd 11.



Mynd 12.



Mynd 13.

Mynd 11. Séð fram eftir stakkagangi stjórnborðs megin í átt að millidekki.

Hurð inn á gang vinstra megin

Mynd 12. Séð úr skutrými í gegn um hurð inn í stakkagang stjórnborðs megin.

Mynd 13. Séð inn um hurð í stakkagangi inn á gang. Fyrir innan sést í matsal.



Mynd 14. Eldhús.



Mynd 15. Borðsalur.



Mynd 16. Stýrishús.



Mynd 17. Stýrishús.



Mynd 18.



Mynd 19.



Mynd 20.



Mynd 21.

Uppgangur úr vinnslurými vinstra megin á myndinni.

Skýrsla samþykkt af Guðmundi Frey Úlfarssyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni.